



Fundarstjóri, frambjóðendur, kæru fundarmenn.

Ég vil fyrir hönd Verkalýðsfélags Akraness bjóða ykkur hjartanlega velkomin á þennan opna borgarfund vegna komandi alþingiskosninga.

Það vakti undrun mína fyrir fáeinum dögum síðan þegar mér var það ljóst að ekki stæði til að halda opinn borgarfund vegna einar mikilvægustu alþingiskosninga sem haldnar hafa verið síðustu áratugin. Á Akranesi eru vel á fimmta þúsund kjósendur í kjördæminu eða sem nemur 21% af öllu norðvesturkjördæmi.

Á þeirri forsendu og hversu gríðarlega mikilvægar þessar kosningar eru þá ákvað Verkalýðsfélag Akraness að standa fyrir slíkum fundi, fundi þar sem frambjóðendur flokkana varða krafðir um skýr svör um hvaða úrræði flokkarnir hafa fyrir fólkið, heimilin og fyrirtækin í þessu landi.

Ég vil að það komi skýrt fram að sá sem hér stendur tilheyrir ekki neinum stjórnmalaflokki enda tel ég að forystumenn í Verkalýðshreyfingunni eigi ekki að vera eyrnamerkir einhverjum ákveðnum stjórnmalaflokkum, einfaldlega vegna þess að forystumaður í stéttarfélagi er að vinna fyrir sína félagsmenn sem koma úr öllum flokkum.

Ágætu fundarmenn

Ég vil byrja á því að rifja það upp þegar Verkalýðshreyfingin gekk frá kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði þann 17. febrúar 2008. Við þá samningsgerð lögðu ráðamenn þjóðarinnar, Seðlabankastjóri og síðast en ekki síst forstöðumenn greiningadeilda bankanna mikla áherslu á að verkalýðshreyfingin gengi frá hófstílltum samningum til að stuðlað yrði að stöðugleika í íslensku samfélagi.

Verkalýðshreyfingin tók þá ákvörðun að ganga frá hófstílltum og skynsömum kjarasamningum sem höfðu það markmið að hækka laun þeirra tekjulægstu. Kvað sá samningur á um að lágmarkstaxtar skyldu hækka um 18.000 krónur frá 1. febrúar 2008 og aftur um 13.500 kr. frá 1. mars 2009.

Þegar að kjarasamningurinn á hinum almenna vinnumarkaði var undirritaður þann 17. febrúar 2008 var verðbólgan 5,1%. Með þessu taldi verkalýðshreyfingin að hún væri að tryggja hér stöðugleika og stuðla að lækkandi verðbólgu. Þetta var framlag íslensks verkafólks til þess að stuðla hér að stöðugleika og auknum kaupmætti.



Það er skemmst frá því að segja að á sama tíma og ráðamenn þessarar þjóðar og forstöðumenn greiningadeilda bankanna voru að hvetja verkalyðshreyfinguna til að ganga frá hófstílltum kjarasamningum þá blikkuðu öll aðvörunarljós um að bullandi leki væri kominn að þjóðarskútunni og bankakerfið væri nánast að hrynja.

Í febrúar 2008 var stjórnvöldum og eftirlitsstofnunum orðið fullkunnugt um í hvað stefndi með íslenska fjármálakerfið. Þrátt fyrir það fóru ráðamenn þessarar þjóðar í ferðir erlendis til að breiða út þann boðskap að íslenska bankakerfið stæði traustum fótum þó svo að fyrir lægju skýrslur sem kváðu á um hið gagnstæða.

Á sama tíma og íslenskt verkafólk var tilbúið til að axla sína ábyrgð í sinni kjarasamningsgerð til að viðhalda hér stöðugleika og leggja grunn að auknum kaupmætti þá voru íslensku bankarinnir nánast rændir innan frá af aðilum sem stjórnvöldust af græðgisvæðingu einni saman.

Græðgisvæðing þessara manna birtist íslenskri alþýði með afgerandi hætti í þeim launakjörum sem æðstu stjórnendur fjármálageirans höfðu skammtað sér og nægir að nefna laun bankastjóra Kaupþings árið 2007 upp á 64 milljónir á mánuði, árslau sem námu 700 milljónum króna. Eða þegar bankastjóri Glitnis fékk 300 milljónir fyrir það eitt að hefja störf hjá bankanum.

Þegar Verkalýðshreyfingin og fleiri aðilar gagnrýndu kaupréttarsamninga, bónusa og önnur ofurlaun hjá starfsmönnum fjármálastofnana þá komu skýr svör frá þeim aðilum sem þáðu þessi ofurlaun: Ykkur grálúsuga almúganum kemur þetta ekkert við.

Raunin hefur hins vegar orðið allt önnur, okkur kom þetta svo sannarlega við. Ég tala nú ekki um þegar þessir snillingar eru búnir að veðsetja íslenska þjóð upp í rjáfur vegna Ice-Save reikninganna í Bretlandi og Hollandi, og það án vitundar meginþorra almennings.

Á þessu sést að þær hamfarir sem riðið hafa yfir íslenskt samfélag er ekki íslensku verkafólki um að kenna svo mikið er víst. Hins vegar bitnar hrun fjármálakerfisins harðast á þeim sem síst skyldi. Það mun koma enn og aftur í hlut verkafólks að rétta þjóðarskútuna við það verður íslensk alþýða þessa lands sem mun koma til með að þurfa að ausa þjóðarskútuna. Það nægir að nefna að verkafólk var þvingað til að fresta umsömdum launahækkunum sem áttu að koma til 1. mars sl. vegna þess ástands sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi og það þrátt fyrir að hafa gengið frá hófstílltum kjarasamningum.



Kæru fundarmenn

Það er vægast sagt sorglegt að horfa uppá að sá ávinningur sem síðasti kjarasamningur á hinum almenna vinnumarkaði átti að skila til verkafólks skuli allur hafa horfið og miklu meira til. Allt vegna græðgissvæðingar útrásavíkinga og aðgerðaleysis eftirlitsstofnana.

Matvara hefur hækkað um 35% á einu ári, opinberþjónusta um 5% og önnur þjónusta um 15%

Verðbólgan fór úr 5,1% í febrúar 2008 í tæp 20% Gengisvísitalan hækkaði úr 140 stigum í 250 stig í desember síðastliðnum og stendur vísitalan í dag í 221 stigi.

Þetta hefur haft skelfilegar afleiðingar fyrir almenning í þessu landi sem hefur tekið erlend lán og gildir einu um hvort um er að ræða erlend lán til húsnæðiskaupa eða svokölluð myntkörfulán vegna bílakaupa.

Frambjóðendur verða hér á eftir með afgerandi hætti að skýra frá því hvernig þeir hyggist leysa vanda þessa fólks sem tekið hefur erlend lán sem hafa hækkað um stjarnfræðilegar upphæðir og nægir að nefna í því samhengi að einstaklingur sem tók 16 milljóna króna húsnæðislán í erlendri mynt árið 2007 til 20 ára skuldar í dag 37 milljónir.

Að hugsa sér að bankarnir hvöttu einstaklinga til að taka erlend lán til íbúðarkaupna og á sama tíma tóku bankarnir stöðu gegn krónunni til að fegra hjá sér efnahagsreikning á 3 mánaða fresti allt á kostnað grandalausra viðskiptavinna. Vinnubrögð af þessu tagi er ekkert annað en algjör glæpamennska.

Frambjóðendur verða einnig að útskýra hvernig þeir sjá fyrir sér að aðstoða upp undir 50.000 einstaklinga sem tóku svokölluð myntkörfulán til bílakaupa þessir aðilar voru nánst allir hvattir til að taka slík lán. Þessi lán hafa mörg hver hækkað um allt að 100% og mánaðarlegar afborganir hækkað um tugi þúsunda. Vandir þessa fólks hefur lítið sem ekkert verið til umræðu á meðal ráðamanna þessarar þjóðar. Það þurfa að koma skýr svör hvernig vandi þessa fólks verður leystur.

Það er alveg ljóst að það verður að grípa til mjög róttækra aðgerða vegna vanda heimilanna. Það er talað um að 40.000 einstaklingar búa við neikvæða



eiginfjárstöðu með öðrum orðum þeir. skulda meira en þeir eiga. Þetta er þriðjungur allra heimila í landinu.

Það liggur einnig fyrir að þetta á einungis eftir að versna. Seðlabankinn gerir fastlega ráð fyrir því að fasteignaverð eigi eftir að falla um 40 – 50% að raungildi.

Það verður að koma í veg fyrir það að einstaklingar sjái engan hag í því lengur að borga af sínum eignum. Það blasir við að þegar skuldir eru orðnar langt umfram eignir þá er nánast enginn hvati fyrir fólk að halda slíkri baráttu áfram. Við þessu verður að bregðast með sértækum aðgerðum sem munu koma í veg fyrir að fólk gefist einfaldlega upp.

En sú staða getur klárlega komið upp að þúsundir heimila taki þá ákvörðun að hætta að greiða af sínum skuldum. Það má heldur ekki gleyma því að þegar að einstaklingar stofnuðu til sinna skuldbindinga þá hafði fólk fullkomlega greiðslugetu til að standa við sínar skuldbindingar en vegna þeirra hamfara sem skolið hafa yfir Íslendinga eru þær forsendur kolbrostnar og við því verður að bregðast með afgerandi hætti.

Vissulega hafa verið kynnt hin ýmsu úrræði til lausnar á þessum vanda en ég tek undir með Birni Þorra Viktorssyni, lögfræðingi, sem segir að hægt sé að líkja aðgerðum stjórnvalda við það að setja plástur á slagæðablæðingu.

Á þessum fundi hér viljum við fá skýr svör um það hvernig á að koma heimilum landsins, sem mörgum hverjum er að blæða út um þessar mundir, til hjálpar. Á þessum fundi viljum við líka fá skýr svör um það hvernig eigi að bregðast við fjárlagahallanum sem áætlaður um 150 milljarðar á þessu ári, 200 milljarðar árið 2010 og 120 milljarðar árið 2011. Samtals upp á 470 milljarða. Þetta er spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frambjóðendur geta ekki undir nokkrum kringumstæðum komist hjá því að upplýsa kjósendur með hvaða hætti menn ætla að stoppa upp í þennan fjárlagahalla, hvar eigi að skera niður, hvar eigi að hækka skatta o.s.frv. Það þarf að upplýsa þetta fyrir kosningar, ekki eftir kosningar.

Kæru félagar.

Varðandi atvinnumálin þá þurfa frambjóðendur að skýra með afgerandi hætti hvernig þeir ætli að tryggja hér atvinnu en í dag eru 19 þúsund atvinnulausir á landinu öllu og á Akranesi 330 manns voru fyrir ári síðan 61.



Hvernig ætla frambjóðendur að tryggja að útgerðarmenn sýni samfélagslega ábyrgð gagnvart byggðum þessa lands, en núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur fáa leikið jafn illa og í þessu kjördæmi. Nægir að nefna ákvörðun Hinriks Kristjánssonar útgerðarmanns á Flateyri sem tók ákvörðun um að selja aflaheimildir sínar upp á allt að 1 milljarð króna og skilja sjómenn og fiskvinnslufólk eftir í átthagafjötrum.

Við Skagamenn höfum einnig fengið að finna fyrir því fiskveiðistjórnunarkerfi sem nú er við lýði. Frá því að fyrirtækið Haraldur Böðvarsson sameinaðist Granda árið 2004 hafa horfið úr okkar bæjarfélagi um 140 störf tengd fyrirtækinu. Fyrir tíu fimmtán árum voru 30 til 40 smábátar gerðir út frá Akranesi. Í dag eru einungis fjórar smábátaútgerðir sem gera út á ársgrundvelli. Þegar stjórnámálemenn segja að ekki megi hrófla við íslenskri sjávarútvegsstefnu vegna þess að þá séu störf sjómanna og fiskvinnslufólks sett í uppnám þá nægir að vitna í það sem áður hefur komið hér fram.

Að útgerðamenn geti tekið einhliða ákvörðun um að selja sínar aflaheimildir og labbað út úr greininni með tugi ef ekki hundruð milljóna og skilið byggðirnar og fólkíð eftir í algjörum átthagafjötrum er algjörlega óásættanlegt og ofan af þessu kerfi verður að vinda enda eru 80% þjóðarinnar á móti núverandi fyrirkomulagi. Það þarf að binda auðlindir þjóðarinnar, bæði til sjávar og sveita, með afgerandi hætti í stjórnarskrá lýðveldisins. Verkalýðsfélag Akraness vill fá skýr svör frá frambjóðendur um það hver sjávarútvegsstefna flokkanna er.

Kæru fundarmenn, hvað er til ráða?

Það þarf að byrja á því að hefja hér vaxtalækkun með afgerandi hætti því það er algerlega morgunljóst að það vaxtaumhverfi sem heimilum og fyrirtækjum er boðið upp á í dag er allt lifandi að drepa.

Það þarf að auka aflaheimildir í þorski umtalsvert og er enginn áhætta að mínu mati að aflaheimildir næstu þrjú fiskveiðiárin verði 200.000 tonn enda staðfestir sú mikla fiskgegnd á undanförunum árum það. Með þessu skapast umtalsverðar útflutningstekjur og fjöldi starfa. Það þarf að stöðva útflutning á óunnnum gámafiski en í dag eru um 60 þúsund tonn send út óunnin. Það er alveg ljóst að slík ákvörðun myndi skapa fjölmörg störf í fiskvinnslunni.



Verkalýðsfélag Akraness vill einnig fá skýr svör frá flokkunum varðandi stóriðjustefnuna og vil ég ekki hugsa þá hugsun til enda ef við Akurnesingar hefðum ekki þessar styrku stöðir í okkar samfélagi sem stóriðjan er. Á Grundartanga starfa um 1000 manns fyrir utan afleidd störf. Það er með hreinustu ólíkindum að til skuli vera stjórnámamenn sem leggja stein í götu þessara fyrirtækja sem eru að skapa hér tryggja atvinnu og sem dæmi þá greiddi Norðurál fjóra milljarða í opinber gjöld á síðasta ári. Það þarf að tryggja áframhaldandi rekstraröryggi stóriðjufyrirtækja í þessu landi og á þessum fundi vil ég fá skýr svör varðandi stóriðjustefnuna.

Það er einnig mat Verkalýðsfélags Akraness að það sé grundvallaratriði að þegar kemur að niðurskurði í ríkisútgjöldum þá verði slegin skjaldborg um þá starfsmenn sem eru með hvað lægstu launin. Ef koma þarf til skerðingar á launum þá verði það að bitna á þeim sem eru með hvað hæstu tekjurnar.

Flestum hagfræðingum ber saman um það að sú peningamálastefna sem hér er við lýði sé gengin sér til húðar og ljóst að við verðum að taka upp nýjan gjaldmiðil. Mín persónulega skoðun er sú að við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu og kalla fram kosti og galla og leggja það í dóm þjóðarinnar. En það er morgunljóst að ef við náum ekki að tryggja auðlindir þjóðarinnar til sjávar og sveita í þeim aðildarviðræðum sem fram færu við Evrópusambandið þá höfum við ekkert þar inn að gera. En ég vil að það komi skýrt fram að það eru skiptar skoðanir um þetta mál innan Verkalýðsfélags Akraness enda væri annað óeðlilegt þar sem um 3.000 manna stéttarfélag er að ræða.

Kæru fundarmenn.

Ég hvet ykkur hér á eftir til að spyrja frambjóðendur spurninga og krefja þá afdráttarlausra svara og við eigum ekki að láta þá komast upp með að svara í hálfkveðnum vísun. Þetta eru einar mikilvægustu alþingiskosningar sem fram hafa farið í áratugi.

Að lokum vil ég segja þetta: Krafa almennings í þessu landi eru að tekin verði upp ný gildi í íslensku samfélagi, gildi sem lúta ekki að græðgi, sérhagsmunagæslu og hroka í garð almennings. Nýju gildin eiga að lúta að réttlæti, jöfnuði og virðingu.

Takk fyrir gott hljóð